

Mótt 15/3 70

Skógarvörðurinn á Austurlandi - Sigurður Blöndal.

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 6 9 .

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1969.

1. Veðurfar ársins.

Páll Guttormsson skrifar eftirfarandi tíðarfarsyfirlit um árið 1969:

Hitastigið í janúar og febrúar var 2,8 stigum fyrir neðan meðal-
lag. Þá var snjór á jörð flesta daga, er frost var, þetta frá 2 til
20 cm. Umhlyepingasöm tíð var í janúar. Auðnaðist alveg dagana 21.-22.
en þá daga rigndi 32 mm.

Nærrí því allan febrúar var snjór á jörð 10-15 cm þykkur.

Hinn 5. marz varð mjög snögg veðurbreyting. Kl. 9 um morguninn
var SV vindur 3-4 stig og hiti, en NV 9 stig um kvöldið kl. 18.
Á sama tíma var 3-4 vindstigum hvassara 1 km fyrir utan skóginn.
Mjög lágt hitastig var 3.-11. marz, var þá til jafnaðar 14 stiga
frost. Eftir það var hláka fremur hæg 13.-18., en stillur og vægt
frost út mánuðinn.

Í apríl fram yfir miðjan mánuð var umhlyepingatíð. Var þá vart
við holklakamyndun á nokkrum stöðum í græðireitnum. Hlákukafli var
17.-22. apríl. Að loknum þeim hlýindakafli var 20 cm þítt lag í
græðireitnum. Þá byrjuðu víðitegundir, ösp, reynir, lerki og birki
(í ungsógi) aðeins að spýngja brumhlífar. Hinn 23. apríl kólnaði.
Óvenjumikið snjóaði dagana 23.-27. apríl. Var snjódyptin þessa daga
til 29. apríl 10-21 cm.

Fyrrihluta máí var fremur kalt, sérstaklega 12.-16.. Dagana 17.
og 18. fór hlýnandi og byrjuðu vorhlýindi hinn 19. maí. Fyrst eftir
að hlýindi byrjuðu fór gróðrinum hægt fram, en mjög jafnt. Þá lifnaði
~~gróðrin~~ trjágróður einnig mjög jafnt.

Mjög fagurt veður fylgdi hinni hægu landátt (SV) sólríku dagana
13.-18. maí. Einnig var fagurt veður næstu daga á eftir, er áttin
snerist meira til suðurs. hinn 19. 4 dagana um mánaðarmótin var
kalt í veðri, en frostlaust, hitastig að meðaltali 4,4 stig.

Hinn 2. júní fór hitinn hækkandi og var 12,2 stig dagana 3.-11.
júní. Minnkaði frostið í jörð mjög ört þá saga. Tré í óræktaðri
jörð urðu víðast algren í fyrstu vikunni, einnig lerki skógurinn.
Birkiskógurinn laufgaðist 9. júní. Greni blómgaðist 10. júní og tún
urðu algren 8. júní.

Dagana 12.-15. júní var meðalhitinn 5,4 stig. En hinn 16. fór
hann hækkandi, hélt svo áfram í mánuðinum. Var eftir það hlýindatíð
út mánuðinn. Voru þá smáskúrur eða úði upp á næstum hvern einasta
dag, einnig daglega sólskin og vindurinn hægur og hlýr. Um 20. júní
var því skógurinn orðinn ákaflega jafngrenn. Blómguðust mörg grös
um $\frac{1}{2}$ mánuði fyrr en í fyrra.

Fyrstu dagana í júlí var sólarlítið. Þá var ~~þítt~~ um nætur dag-
ana 5.-9. júlí og 19.-24. júlí. Mikið rigndi dagana 25.-31. júlí og
hefir úrfelli í júlí ekki verið jafnmikið síðan 1960. Það var ekki
fyr en síðustu viku júlímánaðar, að gróðri fór ~~max~~ aftur að fara
vel fram, því að þá var hitinn nægur.

Nærrí því allan ágúst mánuð var hitinn yfir meðallagi. Vöxturinn
var því góður í mánuðinum, ekki sízt lerkisins. Birkið óx einnig
talsvert mikið Grenið ó xfram í fyrstu vikuna í ágúst, þar sem mikil
gróska er í því (því að raki var þá orðinn mjög ríflegur í jarðvegi).

Í september var sólríkt, var ýmist hlýr, suðlægur vindur, fremur
hægur, eða hægur vestanvindur og lengst af hlýtt. Hinn 28. sept.
kólnaði mjög verulega. Fyrir miðjan sept, voru einnig 3 kaldar nætur,
sérstaklega hinn 11. Þá nótt hélzt frostið frá miðnætti til sólarupp-
komu. Eftir frostnóttina sá á stöku stað á plöntum í beðum í græði-
reitnum, þó aðeins barrplöntum, en mjög víða voru þær þá búnar að
loka brumum fyrir veturinn. Sá ekkert á þeim plöntum. En aðeins þar,

sem nýju sprotarnir voru sérstaklega langir, bar á því, að vaxtar-sprotinn skemmdist. Þeir jöfnuðu sig þó víða í góðu tíðinni 11.-27. mánaðarins. Tré og runnar þroskuðu vel sprota og brum í góðu tíðinni í september.

Hinn 27. sept. færðist vindurtil NA og 28. til N. Fór frostið þá vaxandi og var komið í 10 stig hinn 1. okt.

Lauftré héldu mjög vel á laufinu til þess tíma, en gulnuðu mjög ört um leið og gekk í kuldann.

Hinn 3. október skipti um aftur. Var oftast hægviðri og flesta dagana dálítill rigning fram yfir miðjan mánuðinn. Eftir það var ~~vestan~~ vestanátt og sólrikt til 28. Þá byrjaði að kólna og gekk í garð vetrarveðráttu með mánaðamótunum okt.-nóv. Var hitastigið neðan við frostmark nærri því allan nóvember. Hinn 15. fór frostið í 15,4 stig.

1 cm djúpur snjór kom 2. nóv., en fór aftur hinn 5. Aftur hvítnaði hinn 7. Og frá 12. nóv. til 12. des. var þetta 10-15 cm djúpur snjór.

Hinn 13. desember gekk í suðaustanátt með þiðvirði. Rignði meira og minna á hverjum degi eftir það til 20. des. Síðan var daglega eitt-hvert úrfelli fram að áramótum. En snjór var á jörð þá daga, sem frost var.

Hinn 25. des. var forst 13,8 stig, en 27. des. var 12,3 stiga hiti. Var tíðin mjög óstöðug í desember, sérstaklega frá og með 25.

Um áramótin mældist klaki í jörð 10 cm í skóginum undir mosa-lagi, en 40 cm í græðireitnum. Er þetta nokkuð fast hlutfall: $\frac{1}{4}$.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1969.

| Mán- uður | Hitastig C | | Úrkoma mm | | Sólskins- | Fjöldi vaxtar- ein. |
|----------------|---------------|---------------------------|--------------|---------------------------|-----------------|---------------------------|
| | Meðal- tal | Vik frá meðal- lagi | Sam- tals | Vik frá meðal- lagi | stundir alls | |
| Jan. | -2,6 | -1,3 | 72,6 | -28,0 | - | - |
| Febr. | -4,9 | -3,6 | 28,1 | -40,1 | 29,8 | - |
| Marz | -2,8 | -2,3 | 42,6 | + 0,6 | 82,3 | - |
| Apríl | 1,1 | -0,4 | 27,2 | -12,5 | 140,3 | - |
| Mái | 3,6 | -1,9 | 5,7 | -18,2 | 192,8 | - |
| Júní | 9,7 | +0,8 | 21,4 | - 8,1 | 194,1 | 58,46 |
| Júlí | 10,2 | +0,6 | 57,8 | +19,5 | 173,6 | 56,07 |
| Ágúst | 11,4 | +0,7 | 27,3 | +11,6 | 158,3 | 67,37 |
| Sept. | 6,4 | -0,8 | 23,9 | -28,1 | 119,0 | - |
| Okt. | 3,9 | -0,3 | 66,7 | + 2,0 | 50,0 | - |
| Nóv. | -3,1 | -4,5 | 32,1 | -50,9 | 6,0 | - |
| Des. | -0,3 | +0,6 | 140,3 | +53,7 | - | - |
| Árið | 2,7 | -1,0 | 545,7 | -121,8 | 1.146,2 | - |
| Júní- sept. | 9,4 | +0,2 | - | - | - | - |

Vik frá meðallagi hita og úrkomu er miðað við árin 1941-1968.

Á sumrinu náði aðeins 1 dagur 20 stiga hámarkshita, en það var 15. ágúst. Varð hitinn þá 20,0 stig. Lægsta hitastig á árinu mældist 11. marz -22,1 stig, en 6. febrúar komst það niður í -20,4 stig. Er þetta mesta frost, sem hér hefir mælt, síðan veðurathuganir hóf-ust.

Í töflu II eru tölur yfir lágmark hitans seinast um vorið og fyrst um haustið.

Tafla II. Hitastig um og undir frostmarki 22. maí - 30. sept. 1969.

| Mánuður | Dagur | Í mælaskýli | Við jörð |
|---------|-------|-------------|----------|
| Maí | 22. | 1,2 | -1,0 |
| " | 23. | -1,2 | -2,8 |
| " | 29. | -0,9 | -3,5 |
| " | 30. | 1,2 | -1,7 |
| Júní | 1. | 0,6 | -2,3 |
| " | 2. | 0,0 | -3,8 |
| " | 3. | 0,0 | -4,6 |
| Sept. | 10. | 1,0 | - |
| " | 11. | -4,4 | - |
| " | 12. | 0,6 | - |
| " | 13. | -2,0 | - |
| " | 20. | -1,9 | - |
| " | 21. | 0,1 | - |
| " | 22. | -1,6 | - |
| " | 25. | -0,4 | -3,5 |
| " | 27. | -0,4 | -1,1 |
| " | 28. | -1,2 | -2,3 |
| " | 29. | -3,3 | -7,5 |
| " | 30. | -1,8 | -2,7 |

2. V Ö X T U R o g þ r i f t r j á g r ó ð u r s.

a. Laufgun og lauffall.

Birkiskógurinn taldist allaufgaður 10. júní. Hin 2. júní fór aðeins að slá grænum lit á skóginn.

Hinn 21. sept. var birkiskógurinn aðeins að byrja að gulna, en 27. sept. var hann orðinn allgulur og gylnaði ört næstu daga á eftir. Hin 14. okt. var mest lauf fallið og þá var líka mikið af nálum á lerki fallið.

b. Vöxtur.

Á lerki var vöxtur nú ágætur. Var hann nú svipaður og á árunum um og fyrir 1960, "kominn í samt lag aftur". Algengir sprotar voru 40-60 cm.

Vöxtur á greni og furu var betri en 1968, en þó varla það, sem kalla má í meðallagi. Greni, sem borið hefir verið á á síðustu árum, óx mjög vel.

Birki óx vel.

c. Fræfall.

Lítið fræfall varð á birki, en þó meira en árið áður. Miklu var samt safnað af fræi fyrir norðan Fljót.

Þessu var safnað af birkifræi (þurrt og hreinsað):

Í Hrafnsgerði7,8 kg
 Á Droplaugarstöðum1,5 "
 Í Geitagerði 5,3 "
 Á Hallormsstað 10,0 "

=====
 Alls 24,6 kg

Langt er síðan svo miklu birkifræi hefir verið safnað hér.

Á greni var mesta fræi til þessa. Feikn af könglum var á gömlu blágrenitrjánnum, á öllu rauðgreni og á sitkagreni. Allir

könglarnir voru sendir til Mógilsár í haust og veit ég ekki, hvað komið hefir af fræi, en það mun hafa spírað allt saman eitthvað.

Í fyrsta skipti voru könglar á fjallapín, mjög mikið, en allt fræið var tómt. Á broddfuru og stafafuru var fræ svipað og venjulega.

Könglatínslan hófst 8. okt. og stóð hún til 15. okt. Birkifræi var safnað bæði fyrr og samtímis.

Kostnaður við fræsöfnunina varð 18 þús. kr.

d. Skaðar.

Skaðar þeir á lerki, sem rætt var um í síðustu skýrslu, urðu enn frekar á þessu ári. Er þetta að verða alvarlegt mál. Hjónin Finn og Helga Roll-Hansen frá Noregi athuguðu þetta í júlí. Tóku þau með sér til Noregs sýni af sýktum greinum og trjástofnum. Þau fundu, að sveppurinn Potobniamyces coniferarum (konidiestig Phacidiopycnis pseudotsugae = Phomopsis pseudotsugae) veldur mestu af skaðanum á lerkinu.

Í hinni nýju bók sinni "Soppyskdommer på skogstrær", ræðir Roll-Hansen um þennan sjúkdóm og skýrir frá fundi hans á Íslandi (bls. 118-119). Hann telur helzta ráð gegn sjúkdómnum rétt kvæmaval.

Lítið ber á sjúkdómi þessum á sumum lerkikvæmum, t.d. Altai og Rajivola, en hann er mjög áberandi á Hakaskoja-kvæmum og mest í Guttormslundi.

3. Starfsfólk.

Vinnustundir ná ekki til ákvæðisvinnu í töflu III.

Tafla III. Verkafólk og kaupgreiðslur á Hallormsstað 1969.

| Mánuður | Fjöldi | Vinnustundir | Tímavinna kr. | Ákvæðisvinna |
|--------------|--------|--------------|---------------|--------------|
| Desember '68 | 3 | 877 | 60.203,60 | - |
| Jan.-apríl | 7 | 2.931 | 208.094,40 | 1.872,00 |
| Mai | 12 | 1.256 | 89.856,90 | - |
| Júní | 26 | 4.160 | 286.989,60 | 57.628,50 |
| Júlí | 22 | 2.942 | 201.373,70 | 29.978,50 |
| Ágúst | 14 | 2.168 | 157.098,60 | 12.267,00 |
| September | 10 | 1.209 | 90.007,20 | 4.000,00 |
| Október | 5 | 566 | 59.451,90 | 2.320,00 |
| Nóvember | 11 | 1.079 | 105.718,10 | - |
| Alls | - | 17.188 | 1.258.794,00 | 108.066,00 |
| | | | 1.366.860,00 | |

Af heildarupphæðinni voru kr. 894.503,00 - eða 63,8% - greiddar fólki, sem búsett er í Vallahreppi, en 1.217.533,70 - eða 89,3% - fólki, sem búsett er á Fljótsdalshéraði.

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var hin sama og áður. Eftir áramót vann hann að lagfæringu á lerki, sem skemmzt hafði í topp eða aflagast. Snemma í maí vann hann að áburðargjöf í skóginum. Í október var hann mikið í fræsöfnuninni. Hann safnaði t.d. mestu af birkifræinu einn. Eftir það vann hann að vetrarumbúnaði til nóvemberloka.

Ingibjörg Sigurðardóttir var ráðskona 11. árið í röð.

Halldór Sigurðsson kennari á Miðhúsum sá um plöntun í júní, byrjun júlí og í ágúst. Fórst honum það afbragðsvel úr hendi, eins og venta mátti.

Svo sem fram kemur í töflu III, var nú unnið meira fyrstu mánuði ársins en nokkra sinni fyrr. Seinni hluta marz og í apríl og maí voru 6 menn í skógi.

Stúlkur komu til vinnu í Mörkinni sama dag og árið áður, 27.

maí. Svo seint voraði, að ekki var hægt að byrja í reitnum fyrr. Stúlkurnar voru 13, þegar flest var og unnu þær flestar fram að 2. helgi í júlí. Yfir sumarið voru svo 4 stúlkur, en ein ensk, Elizabeth Kemp, dvaldist hér í réttar 4 vikur og vann í reitnum.

Nýsjálenzkur piltur, Nick Ledgard, skógræktarstúdent við háskólann í Wales, kom hingað 4. júlí og dvaldist til 17. júlí. Hann athugaði barrtrjákvæmi hér og vann um viku tíma í reitnum til þess að haf fyrir upphaldi.

4. Girðingar.

Miklar skemmdir urðu á girðingunni í Hádegisfjalli í skriðuhlaupinu í ~~XXXXXXX~~ nóvember 1968. Var mikið verk að gera við þetta, af því að klaki var í jörð, er endilega þurfti að gera við.

Jórvíkurgirðingin er nú tekin að gefa sig. Staurar brotna mjög. Var skipt um allmikið á sumrinu, en meira þarf að gera næste ár.

Kostnaður við viðhald girðinga varð 29.200 kr., en var áætlaður 50 þúsund.

5. Skógarhögg.

Á sl. vetri féll meiri viður hér en nokkurt ár, síðan ég tók við störfum hér. Var nú tekinn upp nýr háttur á vigtun viðarins. Hann var vigtaður ferskur og er þunginn miðaður við það. Þetta var gert á þann hátt, að vigtuð voru nokkur vagnhlöss, en síðan voru öll vagnhlöss talin. Skv. þessu féllu á sl. vetri 200 tonn af birki.

Um 20. maí var búið að draga út allan við og aka honum að þjóðvegi, þar sem hann var sagaður. Það verk var unnið síðari hluta maí og síðari hluta júní og hefir það ekki verið búið svo snemma fyrr.

Skógarhögg hófst 12. febrúar og hélt áfram nær sleitulaust til 17. maí. Var oft einn maður með kjarrsög til þess að hreinsa teinung, en tveir felldu með keðjusög. Stundum voru 3 menn með keðjusög. Frá upphafi var fjórði maður með til þess að tína saman í kesti. Fimmti maður bættist við 26. marz og hófst þá keyrsla á viðnum úr skóginum. Hélt svo fram jöfnum höndum við útdráttinn til miðs maí, eins og fyrr sagði. Hinn 17. ~~maí~~ apríl bættist við 6. maður í skógin og varð þá verulegur skriður á verkinu, enda komið í mjög vönan skóg.

Þessi svæði voru höggvin:

a. Grisjaður skermur yfir öllum plöntunum í Vörðuhrauni, sem ekki var farið yfir árið áður, en það er megnið af þessu skógar-svæði.

b. Grisjaður ~~skermur~~ skermur yfir megninu af lerki- og greniplöntunum í Partinum frá árunum 1958-1959.

c. Í sumar var grisjað nokkuð fyrir plöntun í Flataskógi, en ekki nema sumt notað til plöntunar 1969. Er hitt tiltækt fyrir næsta sumar. Kostnaður varð:

a. Við grisjun 20.800 kr., en þar er reyndar innifalinn allmikil vinna við grisjun fyrir asparplöntun á Ormsstöðum.

b. Skógarhögg kostaði á árinu 117.600 kr.

c. Eldiviður og staurar kostaði 158.100 kr., en það er útdráttur, framkeyrsla, sögun, birking og ydding á staurum, pokun á arinviði og pokar.

Jólatré. Seld voru 303 jólatré og 96 kg af greinum. Nokkur trén voru torgtré af sitkagreni, broddgreni og stafafuru, allt að 5 m há.

Almenn ánægja var með trén, enda voru þau eingöngu felld í teigum, þar sem borið hefir verið á. Rúm 60 lítil tré voru send með flugvél til Reykjavíkur rétt fyrir jólin og kom sá flutningur hreint ekki illa út. Gæti þetta verið athugandi í framtíðinni, ef á þyrfti að

halda. Væri ugglaustr hægt að komast að góðum samningum við Flugfélag Íslands um verð, því að fyrir jólin er alltaf flutt mjög mikið af flugfragt austur í Egilsstaði með sérstökum fragtvélum, en þær fara jafnan tómar suður. Er því allur bakflutningur fundið fé fyrir Flugfélagið.

Að vanda var fólki hér í nágrenninu sent jólatré að gjöf og nokkrum einstaklingum, sem við höfum sérstaka fyrirgreiðslu að þakka. Ennfremur sendum við vönan fjallapín til Norræna hússins eins og 1968.

Sala á eldiviði og staurum 1969 nam alls 236.563 kr. og sala á jólatrjáum 81.188 kr.

Skógarafurðir voru því seldar fyrir 317.751 kr., og er söluskattur og fragtgjöld ekki innifalin í þeirri upphæð. Er þetta um 160 þús. kr. meiri sala en á árinu 1968.

Þar eð vigtin á því, sem féll í skóginum, er tekin á ferskum viði, er hún ekki reiknuð eftir afurðum, eins og venja hefir verið, enda er sú aðferð óraunverulegri, þar eð viðurinn er þá meira mismunandi þurr.

Tafla IV. Viðarsala á Hallormsstað 1969.

| | | | |
|------------------|-------|------------|----------------|
| 1. Staurar: | | | |
| B2 birki | | 2.605 stk. | |
| B3 " | | 685 " | |
| B4 " | | 654 " | 3974 |
| Styttur | | 858 " | |
| 2. Arinviður | | 994 pokar | ca. 35,0 tonn. |
| 3. Efniviður | | 2,0 | " |
| 4. Reykingaviður | | 8,4 | " |
| 5. Blómasúlur | | 46 stk. | |

Staurabirgðir í árslok:

| Stærð | Albirkir og yðdir | Hálfbirktir og yðdir | Alls |
|---------|-------------------|----------------------|------|
| B2 | 30 | 230 | 260 |
| B3 | 60 | - | 60 |
| B4 | 170 | 165 | 335 |
| Styttur | - | 155 | 155 |

Þessar birgðir eru nú undir þaki í vetur og er það í fyrsta sinni, sem slík aðstaða er fyrir hendi. Höfum við nú fengið gömlu útihúsin á Hallormsstað í þessu augnamiði. Er þar mikil geymsla, sem gerir alla aðstöðu með kurl og staura ólíku betri en var. Auk þeirra staura, sem taldir eru til birgða hér að ofan, eru ótaldir afgangar af staurum frá fyrri árum, sem meðhöndlaðir voru eftir gamla laginu. Hér er þó ekki um umtalsvert magn að ræða.

6. Gróðrarsstöð.

a. Fræplöntur.

Vorsáning nam 513 m², haustsáning 48 m², alls var sáð í 561 m². Við talningu í haust reyndust vera 447 þúsund 1/0 plöntur, en 2/0 og 3/0 plöntur 373 þúsund.

Í plasthúsið var sáð birki í 3 beð og lerki í eitt. Birkið óx framúrskarandi vel, enda var því nú sáð nær mánuði fyrr en áður, af því að grunnur undir húsið var tilbúinn um haustið. Lerkið olli okkur hins vegar vonbrigðum. Það náði ekki nægum þroska fyrir dreifsetningu í vor. Við getum með engu móti skilið, í hverju liggur þessi munur á lerkinu og birkinu.

Kostnaður við fræplöntur varð nú 162.000 kr. með hreinsun.

b. Dreifplöntur.

Dreifsettar voru 193.500 skógarplöntur. Eins og fyrra árið varð lerkið til dreifsetningar miklu ódrygra en áætlað hafði verið. Af þessu magni voru 17.700 pl. af sitkagreni frá Mógilsá. Dreifsetningin tókst held ég bara vel.

Kostnaður við dreifplöntur varð 186.000 kr. með hreinsun.

c. Garðplöntur.

Afhentar voru 4.879 garðplöntur. Mest af þessum plöntum fóru í smásölu hér ~~fyrir~~ austan, enda var nú miklu meiri hreyfing í garðplöntum en verið hefir um langt skeið. Egilsstaðabúar gerðu stóráttak í gördum sínum sl. vor og Norðfirðingar eru að byrja aftur eftir hin miklu vonbrigði síðustu ára. Viðar á ströndinni er þetta að lifna aftur.

Salan á garðplöntum nam 142.500 kr., en til eigin nota var afhent fyrir 3.000 kr. Nam því verðmæti garðplantna alls 145.500 kr. fyrir utan söluskatt og fragtgjöld.

Dreifsettar voru 8.800 garðplöntur og græðlingar, þar af nokkrar algengar runnategundir um 2.000 stk.

Kostnaður við garðplöntur varð á árinu 114.300 kr. að meðtalinni hreinsun.

d. Afnefning plantna.

Afhentar voru 178.125 skógarplöntur og 54.700 dreifsetningarpl. til annarra stöðva.

Seint gekk að koma plöntunum frá sér eins og fyrri daginn og var það nú þeim mun bagalegra sem íshúsið gamla er nú fallið.

Verðmæti skógarplantna nam 374.119 kr. og dreifsetningarplantna 61.475 kr. Að viðbættum garðplöntum var því heildarverðmæti plantna úr stöðinni 1969 581.090,50 kr. fyrir utan söluskatt og fragtgjöld.

e. Annað.

Ekki var í reitinn á árinu 14 bílhlössum af sauðataði, 26 hlössum af sandi og 16 hlössum af mómold.

Í nóvemberflóðunum 1968 eyðilagðist öll asbestleiðslan, sem leiðir vatn í reitinn. Var keypt ný leiðsla úr 2½" plast. Hlaugt af þessu aukakostnaður, er nam um 27.000 kr.

Heildarkostnaður við gróðrarstöðina 1969 varð 669.800 kr., en var áætlaður 550 þúsund. Ég hefi ekki í höndum sundurliðaða áætlun um gróðrarstöðina, eins og endanlega var gengið frá henni í fyrra, svo að ég get ekki sagt, hvar hefir brostið. En þessi upphæð, sem munar, er rúmlega kauphækkunin, sem varð frá árinu áður.

7. Gróðursetning.

a. Yfirlit og áætlun.

Áætlað var að planta á Hallormsstað, ~~XXXXXX~~ 36.400 plöntum, í Mjóanesi 20.000 og í Jórvík 19.900 pl., alls 76.300 plöntum í undæminu. Í reyndinni var ~~þáfnatað~~ ~~XXXXXX~~ 67.230 plöntum. Sjá töflu V.

Hætt var við að planta í Jórvík að þessu sinni. Var ástæðan sú, að við athugun þar sl. vor sá ég, að þar verður nú á næstu árum að planta á allt öðrum grundvelli en gert hefir verið til þessa. Vil ég láta ~~þáfnatað~~ þar litlu magni, en vanda mjög vel til plöntunar. Þar þarf nú fyrst og fremst að gera tilraunir með, hvernig planta megí í hina jarðgrunnu mela, sem svo mikið er af í landareigninni þar. Tel

Tafla V. Plöntun á Hallormsstað og Hafursá 1969.

| Tegund | Kvæmi | Aldur | Fræs. nr. | Hafursá | VUN | FAR | FUR | LLL | Alls |
|--------------|---------------|---------|-----------|---------|--------|-------|-------|--------|--------|
| Rauðgreni | Afj., Namd. | 2/3-3/3 | 554 | - | - | - | - | 12.905 | 12.905 |
| Bergfura | Haut conflent | 3/2 | 592 | - | - | - | 2.000 | - | 2.000 |
| Lindifura | Ibestad | 4/3 | 15 | - | - | - | - | 250 | 250 |
| Lindifura | Aldan | 4/3 | 16 | - | - | - | - | 150 | 150 |
| Lindifura | Fúrtséva | 4/3 | 17 | - | - | - | - | 50 | 50 |
| Stafafura | Wanza Lake | 3/4 | 572 | - | - | - | 300 | - | 300 |
| Sitkabast. | Moose Pass | 2/3 | 582 | - | - | - | - | 2.925 | 2.925 |
| Rússalerki | Raivola | 2/2/3 | 547 | - | 550 | - | - | - | 550 |
| Síberfulerki | Altai | 2/2 | 652 | 21.950 | 12.485 | - | - | - | 33.435 |
| Síberfulerki | Hakaskoja | 2/2 | 588 | - | - | 9.850 | - | - | 9.850 |
| Douglasgr. | Crooked River | 3/3 | 543 | - | - | - | 1.140 | - | 1.140 |
| Douglasgr. | Barkerville | 3/3 | 563 | - | - | - | 1.430 | - | 1.430 |
| Douglasgr. | Blueberry | 3/3 | 569 | - | - | - | 1.245 | - | 1.245 |
| Alls | | | | 21.950 | 13.035 | 9.850 | 6.115 | 16.280 | 67.230 |

43.835

3.810

ég, að nota beri húsdýráburð með öllu, sem þarna er plantað á næstunni, því að reynsla sýnir þegar, að vonlaust er að planta á hefðbundinn hátt utan við skógarkjarrið. Það er hrein verkleysa. Efnfremur þarf nú að reyna áburð aðplöntum þeim, sem fyrir eru. Þá verður að sjá, hvernig reiðir af tegundum þeim og kvæmum, sem þarna hefir verið plantað. Sumt af því er ekki beisið ennþá. Allavega verður að hægja ferðina þarna mjög mikið.

Á Hallormsstað var allmiklu plantað í tímavinnu að þessu sinni, en mestu af lerkinu í ákvæðisvinnu, en á háu akkorði, þar eð aðstæður voru mjög slæmar.

Námskeið Skógræktarfélags Íslands plantaði 8.000 lerkiplöntum á Hafursá, en afganginum þar var plantað í ákvæðisvinnu af okkar fólki. Að þessu sinni voru allir vanar plöntun og reiddi verkinu vel af.

b. Plöntunartími.

Byrjað var á Hafursá 7. júní. Plantaði námskeiðið þar 7. og 9. júní, en vinnuflokkurinn lauk plöntun þar 13. júní.

Hinn 14. júní var byrjað að planta lerki í Vörðuhrauni. Síðan varð hlé til 18. júní. Var þá á ný byrjað í Hólunum í ákaflega erfiðu landi. Sóttist plöntunin þar afar seint. Lerkiplöntuninni lauk svo í Vörðuhrauni 28. júní.

30. júní til 7. júlí var greni plantað í Lýsishól.

Í ágúst var plantað í Flataskógi dagana 25. til 28. Voru það prufur af Douglasgreni, bergfuru og stafafuru.

c. Kostnaður.

Heildarkostnaður við plöntun 1969 varð 102.400 kr., en var áætlaður 125 þúsund. Þetta varð 1,53 kr. á plöntu.

Aðstæður við plöntunina voru nú miklu óhagstæðari en 1968 og því engin von til þess að koma einingarverði svo langt niður.

8. H i r ð i n g p l a n t n a.

a. Kjarrhreinsun. Teinungur var hreinsaður með kjarrsög á öllum teigunum, sem höggvin voru og frá greinir hér á undan.

b. Áburðargjöf. Kjarni var borinn á tvo teiga í Partinum og blandaður áburður í Stórhól.

Alls voru notuð 500 kg.

c. Snyrting á lerki. Páll Guttormsson fór yfir lerkiteiga frá árunum 1953-1955.

Kostnaður við hirðingu plantna varð 56.600 kr., en var áætlaður 50 þúsund.

9. V e g a g e r ð.

Í Lýsishól voru lagðir nýir vegir 240 m. Allmikið var borið ofan í vegi og bílastæði við "Stöðina" og að skógarvarðarbústað, þar sem vegurinn hvarf í nóvemberflóðunum.

Kostnaður við vegagerð varð alls 30.400 kr., en var áætlaður enginn.

10. B y g g i n g a r.

Mörkin. Allmikið var málað í setinhúsinu í Mörkinni. Lagðir voru dúkar á herbergi verkstjóra, en þeir voru orðnir alveg ónýtir. Gert var við glugga í húsinu að nokkru leyti og fataskápur settur í herbergi ráðskonu.

Skógarvarðarbústaður. Nokkrar viðgerðir og lagfæringar voru gerðar á húsinu, t.d. teknar úr gluggum nokkrar rúður, hreinsaðar

og kíttaðar upp. Sitt hvað fleira var gert smávegis, sem ekki verður upp talið.

"Stöðvarhúsið" undir Kistuklettum var lagfært allmikið í sambandi við flettisögina, en ekki nærri allt gert, sem til stóð, t.d. var ekki hægt að skipta um járn á hluta af þakinu, eins og áformað hafði verið, en járníð var hins vegar keypt á árinu.

Íbúðarhúsið á Halðormsstað. Nauðsynlegt var orðið að mála húsið utan á gamla bænum á Hallormsstað. Bauð ég því Arnþrúði Gunnlaugsdóttur húsfreyju þar upp á þau býti, að Skógræktin legði til málningu, ef hún sæi um vinnuna. Var þetta gert

Allur kostnaður við viðhald fasteigna á árinu nam 103.700 kr., en var áætlaður 25 þúsund.

1 1. V é l a r o g v e r k f æ r i.

a. Flettisög.

Á árinu var mikið unnið við flettisögina. Var uppsetningu hennar að mestu lokið í byrjun júní. Allt stellið var bustað með vírbusta, ryðvarið ~~og~~ með menju og síðan lakkað með vélalakki.

Snúningshraði á reimdrifi gamla traktorsins var ekki nægur fyrir sagarblaðið. Var því keypt reimdrif á nýja traktorinn, sem hefir nægan snúningshraða fyrir þetta. Það reimdrif kom ekki fyrr en í haust. Tækifæri hefir ekki gefizt til þess aðfínstillta sögina og við höfum ekki enn yfirstigið alla örðugleika, svo að við erum ekki nærri ánægðir með flettinguna. Ennfremur er eftir að raftengja slípivél og ganga frá lýsingu við sögina. Verður reynt að koma þessu öllu í kring fyrir vorið.

Kostnaður varð 95.600 kr., en var áætlaður 95 þúsund.

b. Mótörverkfæri.

Sagirnar hafa aldrei verið jafnmikið notaðar og þurftu allmikið viðhald. Má nú segja, að önnur Jo-Bu Starlett sögin sé útslitin.

Rekstur verkfæra kostaði 8.900 kr., en viðhald 24.700 kr. Ný verkfæri 6.300 kr.. Alls nam kostnaður við verkfæri 40.000 kr., eða sama og áætlað var.

Dráttarvélnar voru í mjög mikilli notkun. Gamla Ferguson-vélin var tekin í gegn á árinu, yfirfarin og máluð yzt sem innst. Við urðum fyrir því óhappi, að sturtudælan á traktorvagninum eyðilagðist og þurftum að fá nýja, sem kostaði 24 þús. kr.

Rekstur traktoranna kostaði 18.000 kr., viðhald (með sturtudælni) 58.600 kr. og skattar og tryggingar 5.300 kr. Heildarkostnaður dráttarvéla nam 81.900 kr., en var áætlaður 60 þúsund. Tekjur af dráttarvélum urðu 4.700 kr.

Bifreiðin U-866. Útbúið var sæglhús, sem smella má yfir pallinn. Var hægt að nota til þess grind, sem var á gamla bílnum. Hús þetta kostaði 14.400 kr. og reyndist ágætlega. Rekstur bifreiðarinnar kostaði 37.100 kr., viðhald 12.700 kr. og skattar og tryggingar 12.100 kr., alls rekstur 62.000 kr., en var áætlaður 50 þúsund.

Tekjur af bifreiðinni urðu 15.700 kr., en voru engar áætlaðar.

1 2. F l j ó t s d a l s á æ t l u n.

Á árinu var hafizt handa um framkvæmdir í Fljótsdal. Hinn 20. maí var haldinn fundur með bændum í Fljótsdal, þar sem stjórn Skógræktarfélags Austurlands mætti ásamt Baldri Þorsteinssyni og Hákonni Guðmundssyni, form Skf. Íslands. Var þetta fyrsti sameiginlegi fundur með Fljótsdælingum. Áður hafði aðeins verið rætt við menn sinn í hverju lagi.

Síðari hluta júlí fórum við Baldur Þorsteinsson á flesta bæi í

Fljótsdal, þar sem girðingar verða settar upp, og töluðum við ábúendur og athuguðum lönd. Áhugi bænda var mikill og vaxandi, því meiri skriðnað sem málið tók. Löndin, sem til greina koma, eru hvert öðru betra fyrir lerki og a.m.k. á einum bæ er ákaflega álitlegt greniland. Er það í Víðivallagerði í Suðurdal, þar sem til greina kemur allstór girðing.

Fullnaðarathugun og ákvörðun girðingarstæða er ekki komin í kring nema á Víðivöllum ytri. Hins vegar hefir verið talað um það, að ég leysti af hendi þann þátt verksins. Þetta verður að gerast á árinu 1970 - og verður þá að ganga frá öllum samningum við bændur til þess að hægt sé að ákveða, í hvað röð girðingarnar verða ~~XXXXXX~~ settar upp, en það getur orðið talsvert vandamál, svo að allir megi vel við una.

Allavega er mikið atriðiað ljúka girðingeframkvæmdum að mestu leyti, áður en plöntun hefst að ráði. Ég legg mikla áherzlu á þetta atriði, ef ég á að koma nærri framkvæmd verksins.

Víðivallagirðing ytri var tekin fyrir fyrst. Mælt var fyrir henni 1. og 2. sept. Verður hún 3,3 km á lengd og 65-70 ha að flatar-máli. Talsverður hluti landsins er frábært lerkiland.

Vinna hófst ekki fyrr en 21. október og stóð til 6. nóvember, en þá var jörð orðin svo frosin, að ekki voru tiltök að vinna lengur jarðvinnu. Búið var að setja upp nær öll horn, sem verða 25 að tölu, og lokið var við að staura um 2/3 af girðingararlínunni og ganga frá sigum.

Eiríkur Kjerúlf, bóndi í Vallholti, tók að sér verkstjórn. Var mikið happ að fá hann til þess, því að hann nýtur almenns trausts í veltinni. Og með því að hafa innansveitarmann verkstjóra, er möguleiki á að nýta best vinnu heimamanna, en framkvæmd verksins verður endilega að byggjast sem allra mest á heimavinnu. Með þessu móti sparast líka allur kostnaður, sem fylgir útgerð vinnuflokka, sem að eru komnir. Ég vænti þess, að Eiríkur geti unnið áfram fyrir okkur. Að þessu sinni unnu með honum eingöngu menn frá Víðivöllum ytri og frá Vallholti.

Við keyptum hér nokkuð af staurum, m.a. 200 rekastaura og 500 birkistaura héðan frá Hallormsstað til næsta sumars.

Bókfærður kostnaður hér heima er 83.400 kr.

13. Ý m i s l e g t.

a. Námskeið Skógræktarfélags Íslands.

Dagana 4.-11. júní var haldið hér leiðbeinendanámskeið í skógrækt fyrir ungt fólk. Gekkst Skf. Íslands fyrir námskeiðinu. Þátttakendur urðu 31, en leiðbeinendur Hákon Bjarnason, Snorri Sigurðsson og Tryggvi Þorsteinsson skólastjóri á Akureyri, sem átti hugmyndina að námskeiðinu. Auk þess starfaði ég nokkuð við námskeiðið. Árangur af því taldist mjög góður, a.m.k. var unga fólkið ánægt. Veður var gott námskeiðsdagana.

b. Ferðafólk.

Ferðamannastraumur var nú meiri en nokkru sinni fyrr. Olli því bæði góð tíð og einnig verulega aukinn straumur erlendra ferðamanna til Austurlands. Var mjög gestkvæmt í Atlavík í sumar. Einu sinni í miðri viku taldi ég 99 tjöld í Atlavík.

Á gisti húsinu hér hófst nú móttaka erlendra ferðamannahópa, sem voru á vegum 2ja ferðaskrifstofa í Reykjavík. Er fyrirsjáanlegt, að sá þáttur ferðamála verður mjög viss. Sem dæmi get ég nefnt, að fyrir sumarið 1970 hefir verið pantað gistiþláss fyrir erlenda hópa í 30 nætur og þegar eru pantaðar 24 nætur fyrir sumarið 1971.

Að þessu sinni voru haldnar 2 skógarsamkomur í Atlavík. Voru Framsóknarmenn með aðra um miðjan júlí, en ungmennasambandið með

hina um verzlunarmannahelgina. Fóru báðar hið bezta fram. Tekin var 25.000 kr. leiga fyrir hvora samkomu, en við sáum auk þessu um hreinsun eftir reikningi.

Ólafur Hallgrímsson kennari sá um Atlavíkina, eins og að undanfögnu. Lögðum við ríka áherzlu á að hafa þar ætíð hreint.

Allmiklu var bætt við vatnsleiðsluna í Atlavíkinni og nær hún nú alllangt upp fyrir þjóðveg. Verður það að teljast forsvaranlegt hreinlæti.

Kostnaður varð 48.300 kr.,

b. Gestir skógræktarinnar.

Á þessu sumri fór meiri tími hjá mér að sinna alls kyns fólki en nokkru sinni fyrr. Þannig komu mjög margir aðiljar hreinlega á vegum skógræktarinnar, en ferðamannahópar og einstaklingar þess utan voru mjög margir. Í þetta stúss fer mikið af tíma sumarsins. Kemur það vitaskuld niður á öðrum störfum, sem mér eru ætluð að vinna og ég þyrfti nausynlega að vinna.

Ég nefni eftirtalda aðilja, sem sýnt var um skóginn:

21. maí: Baldur Þorsteinsson og Hákon Guðmundsson.
8. júní: Námskeið Skógræktarfélags Íslands.
13. " Helgarráðstefna Sambands íslenskra bankamanna. 55 manns.
24. " Bændaför Kjalnesinga, 75 manns. Fararstjóri Jóhann Jónasson frá Öxney og Ragnar Ásgeirsson.
1. júlí: Hópur útlendinga, 20 manns. Fararstjóri Matthías Frímannsson.
4. júlí: Hópur útlendinga, 30 manns. Fararstjóri Matthías Frímannsson.
6. " Lúðvík Jósepsson alpm. og Fjóra Steinsdóttir kona hans.
7. " Hópur útlendinga, 40 manns. Fararstj. Bjarni Bjarnason.
8. " Hópur útlendinga, 40 manns. Fararstj. Brynjar Viborg.
10. " Nick Ledgard.
14. " Guðbjörn Guðjónsson stórkaupm. í Reykjavík og Guðmundur Ingi Kristjánsson skáld á Kirkjubóli og kona hans.
16. " John Owen.
18. " Einar Hálfðánarson skógræktarmaður á Höfn í Hornafirði.
- 26.- 28. " Finn og Helga Roll-Hansen prófessor frá Vollebekk.
- 31.- 2. ág.: Laila Wieth-Knutsen frá Institutt for Skogskjøtsel á Vollebekk.
1. " Hópur 6 Rótarymanna frá Ohio í USA með forystumönnum Rotaryklúbbs Egilsstaða.
1. " Hópur útlendinga, 40 manns. Fararstj. ~~hafi~~ Bjarni Bjarnason.
5. ágúst: Hópar útlendinga, 80 manns. Fararstjórar Ingólfur Guðmundsson, Halldór Þorsteinsson og Örn Erlendsson.
6. " Stanley Brown frá US Dept. of Agriculture.
8. " Ingvi Þorsteinsson magister og kortagerðarflokkur hans.
14. " Rafn Hafnfjörð myndatökumaður og kona hans.
20. " Wedigo Ferchland myndatökumaður frá "Welcome to Iceland" í Höfn.
27. " Páll Methúsalemsson bóndi á Refstað í Vopnafirði og kona hans.
28. " Stjórn og framkvæmdastjóri Norræna hússins í Rvík.
- 19.- 21. sept.: Hákon Bjarnason með Gísla Blöndal hagsýslustjóra ríkisins og Jóni Arnalds fulltrúa í landbúnaðarráðuneyti.
- 30.- 3. okt.: Avelino Villa Salas skógræktarmaður frá Mexíkó.
20. " Landsprófsdeild og gagnfræðadeild Alþýðuskólans Eiðum.
- 11.- 12. nóv.: Prófessor Njesterov frá Moskvu og Árni Begrmann blaðamaður frá Reykjavík.
15. " Snæbjörn Jónasson yfirverkfræðingur Vegagerðar ríkisins í Reykjavík.

c. Sjónvarpsþáttur.

Dagana 6., 8., 9. og 12. ágúst voru hér menn frá íslenska sjónvarpinu og tóku upp efni í þátt um skóginn og skógræktina. Umsjónarmaður var Eiður Guðnason. Ég var með þeim mestallan tímann og leiðbeindi þeim.

d. Fundahöld og ferðalög.

Á þessu sumri og hausti ferðaðist ég meira en nokkru sinni fyrr á vegum skógrættarinnar.

Hinn 29. maí leiðbeindi ég við plöntun á Eiðum

Hinn 23. maí mætti ég á aðalfundi Skógrættarfélags Neskaupstaðar og flutti þar erindi og hitti nokkra garðeigendur daginn eftir og leiðbeindi þeim.

Hinn 21. júní flutti ég erindi um Fljótsdalsáætlunina og skógrækt almennt á aðalfundi Búnaðarsambands Austurlands.

Dagana 27. ~~maxxxxix~~ febrúar til 4. marz sat ég starfsmannafund Skógrættar ríkisins. Síðar í marz fleiri fundi á vegum stofnunarinnar, m. a. fundi í stjórn tilraunastöðvarinnar á Mógilsá og var með að ganga frá dagskrá fyrirhugaðs skógræktarnámskeiðs á Halormsstað.

Hinn 4. marz sýndi ég skuggamyndir og flutti erindi um skógrækt í kennarfélagi Lækjaskóla í Reykjavík.

Ennfremur sat ég fundi í sambandi við framkvæmdir í Fljótsdal.

Hinn 26 apríl sat ég aðalfund Skógrættarfélags Eyfirðinga á Akureyri og flutti þar erindi og sýndi skuggamyndir.

Dagana 27. apríl til hins 30. var ég í Reykjavík skv. beiðni skógrættarstjóra til viðræðna við fulltrúa frá Atvinnumálanefnd Reykjavíkur.

Dagana 5.-7. september sat ég aðalfund Skógrættarfélags Íslands í Stykkishólmi. Var síðan á ferðalagi dagana 8.-15. sept. Tók mér frí þennan tíma, en skoðaði skógrækt í Borgarfirði vestra og Skagafirði. Dagana 22.-26. september ferðaðist ég um Austur-Skaftafellssýslu með Hákonni Bjarnasyni. Fórum í Bæjarstaðaskóg og skoðuðum skógræktarreiti í Suðursveit og Nesjum í Hornafirði.

Dagana 18.-25. október var ég á aukafundi starfsmanna Skógrættarinnar og skoðaði skógræktargirðingar í Haukadal, á Laugarvatni og í Þjórsárdal.

Auk þessa fór ég ~~maxx~~ margar ferðir í Eyjólfsstaðaskóg vegna plöntunar Skógrættarfélags Austurlands og framkvæmda Alþýðusambands Austurlands á Einarssstöðum, en við tókum að okkur að girða landið fyrir ASA..

Hallormsstað, 11. marz 1970.

Sig. Blöndal

M. 20/1 '68

Bráðabirgðayfirlit yfir helztu framkvæmdir við Skógrækt
ríkisins á Hallormsstað 1968.

1. Girðingar.

Ekkert var unnið í nýjum girðingum á árinu. Viðhald girðinga var í meðlagi mikið. Engar stórskemmdir urðu á girðingum.

2. Skógarhögg og sala skógarafurða.

Skógarhögg og grisjun fyrir plöntun hófst um miðjan janúar og stóð mikið til fram í miðjan marz. Þá varð hlé í einn mánuð sökum ótíðar og stóð til miðs apríl. Þá hófst aftur högg og hélt áfram til 20. maí.

Þessi svæði voru höggvín:

a. Ræma frá þjóðvegi innan við Króklæk og upp að Selvegi. Frá Selvegi upp í Stórasóg milli Króklækjar og Kerlingarár. Þetta var helzta svæðið, sem eftir var óplantað utan til í Innskóginum. Var þarna geysipétt kjarr sums staðar, ~~XXX~~ sem vaxið hafði upp eftir framræsluna 1958. Þetta var seingrisjað og lítil eftirtekja.

b. Grisjaður skermur yfir lerki og skógarfuru ofan við Guttormslund upp að þjóðvegi milli Jökullækjar og Atlavíkur. Ennfremur allmikil spilda í Vörðuhrauni ofan þjóvegjar milli Jökul- og Atlavíkurlægja.

c. Grisjaður skermur yfir lerki- og greniplöntunum meðfram þjóðvegi frá Atlavíkurlæg að Króklæk.

d. Grisjaður skermur yfir lerki, rauðgreni og sitkagreni í Mylluhvammi í Partinum.

e. Grisjaður og felldur skógur meðfram þjóðvegi frá Skólatúni og út að ~~XXXXXX~~ Langasandi í sambandi við H-daginn 26. maí. Víða á þessu svæði höggvið mikið frá veginum.

f. Hreinsað allt birki, sem eftir stóð í lerkiplöntunum 1951-1954.

Þetta var selt af skógarafurðum:

1.494 birkistaurar.

350 birkistyttur

632 pokar eða 22,2 tonn af arinviði.

2,0 tonn af eldiviði.

5,0 tonn af eldiviði til heimanotkunar.

5,5 tonn af reykingaviði.

1,2 tonn af efniviði.

51 lerkistaurar.

202 jólatré.

130 kg furugreinar.

3. Dreifsetning.

Í gróðrarstöðunni voru dreifsettar 149.000 skógarplöntur og 16.200 græðlingar.

4. Plöntusala.

Afhentar voru á árinu 133.935 skógarplöntur, 4.563 garðplöntur og 86.000 dreifsetningarplöntur til annarra stöðva.

5. Plöntun.

Meðfylgjandi tafla yfir plöntun á Hallormsstað, Hafursá og í Mjóanesi sýnir, að alls var plantað á þessum stöðum 66.220 plöntum.

6. Vöxtur.

Þrátt fyrir óhemjukalt vor, kom svo góð tíð frá miðjum júlí

og stóð út september, að vöxtur lerkisins hér varð sá bezti, síðan fyrir 1964. Á lerkinu voru nú aftur algengir 40-50 cm ársprottar og allt upp í 60 cm. ~~XXX~~ Aðrar tegundir gátu hins vegar ekki fært sér í nyt þessi skilyrði. Vöxtur á greni og einkum furu varð því lítill.

7. Skaðar á trjám.

Allmikið bar á sviðnun á rauðgreni eftir veturinn. Ei veit ég hvort það var eftir hin hörðu norðanveður í byrjun ársins og í marz eða afleiðing vorkulda. En í janúarbyrjun kom hér mesta norðanveður, síðan veðurathuganir hófust. Fór saman mikil veðurhæð - um 10 vindstig - og nær 20 stiga frost.

8. Hreinsun plantna og áburðargjöf.

Birkiteinungur var hreinsaður á undan grisjuninni á þeim svæðum, sem nefnd eru í kafla 2b, 2c, 2d og að nokkru leyti í 2f, einkanlega í hinni misheppnuðu plöntun af Arkangelsklerki frá 1952. Þar var kominn geysimikill teinungur.

Hreinsaður var teinungur í teigum frá 1954-1957 í Lýsishól (ekki þó alveg lokið á þessum svæðum) og í stafafuru- og lerkiteigum frá 1957 við Selveg.

Kjarni var borinn á 2 rauðgreniteiga í Vörðuhrauni og við Atlavík og 2 sitkagreniteiga í Lýsishól, alls 600 kg, og ureaform á sumt af rauðgreni frá 1954 og 1956 í Lýsiskól (það, sem ekki var borið á 1966), alls 120 kg.

9. Landbúnaðarsýningin.

Send voru 14 lifandi tré héðan á landbúnaðarsýninguna, 8 lerkitré ~~XXX~~ úr Jónsskógi og 6 birkitré af Dýássvæðinu. Mikið verk var við að ná þessum trjám heilum á húfi og koma þeim til skips á Reyðarfirði. Ennfremur var sent mikið af lerkibolum - eða megnið af því, sem fellt var í Guttormslundi sl. vor. Þá voru felldir nokkrir lerkibolir í teignum frá 1922 á Atlavíkurstekk. Lerkiviður þessi hefir ekki verið undir 4-5 tonnum á þyngd. Ennfremur var nokkuð sent af birki á sýninguna.

10. Byggingar.

a. Gamla Markarhúsið. Allmikið var málað í húsinu að vanda, en ekkert smíðað að þessu sinni.

b. Verkfærahúsið undir Kistuklettum. Í sambandi við uppsetningu á flettisög í húsinu (sjá á eftir) fór fram allmikil endurbót á húsinu:

Sperrur voru styrktar og þakið rétt af. Eftir er að skipta um járn á þeim hluta hússins, sem er yfir söginni, og járnklæða framhlið hússins og útbúa almennilegar hurðir.

Grafið var upp úr þeim þriðjungi gólfsins í húsinu, þar sem sögin á að standa. Var þar fyllt í staðinn með mól og ræst ~~XXXX~~ út úr grunni, svo að vatn eigi greiðan gang út í frárennslis-skurðinn. Steypt var 15 cm þykk, járnþent plata á þennan hluta gólfsins, en hinn hlutinn sléttaður jafnhátt með skeljamöl. Búið er að holufylla og sementskústa að innan steinveggina í geyslunni.

11. Flettisög.

Í lok ágústmánaðar var tekið að undirbúa uppsetningu á flettisöginni í verkfærahúsinu undir Kistuklettum. Allt óþarfa rusl var hreinsað af svæðinu og því ekið á ruslahaug.

Til þess að geta komið efni að húsinu á þeim stað, þar sem þarf að fá það inn ~~XXXXXX~~ á söginu, varð að færa heilmikinn jarðveg frá húsinu og um leið grafa lokræsi meðfram því og frá því, þar eð mikill vatnsgur er þarna undir brekkunni. Þessi jarðvegur kom í góðar þarfir í uppfyllingu neðan við húsið, þar sem fæst ágætt geymsluþáss fyrir girðingarstaura og vélar. Þetta svæði hefir verið malbórið að miklu leyti.

Búið er að stilla sagarþekkingu upp og smíða mót utan um sökkjana, sem hann mun hvíla á. Nú bíðum við aðeins eftir nægilega góðri tíð til þess að renna steypu í mótin, en efni er tilbúið í húsinu. Þegar sú steypa verður orðin nægilega hörð, mun ekki taka langan tíma að ganga svo frá söginni, að hún komist í gang. Það ætti að geta orðið seinni hluta vetrar, ef ekki kemur alger fimbulvetur.

Hallormsstað, 13. jan. 1969.

Lig. Blöndal